

hið fyrra stofnlán stofnlánadeildarinnar fyrir þessu nýja láni, enda liggi einnig fyrir samþykki ábyrgðarmanna og síðari veðhafa, ef einhverjir eru, til þess að veðin færist þannig aftur. 121
20. des.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

AUGLÝSING

122

28. des.

um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum milli sendiráðs Íslands í París og utanríkisráðuneytis Frakklands var hinn 6. desember 1951 gert samkomulag um viðskipti og greiðslur milli Íslands og Frakklands á tímabilinu frá 1. desember 1951 til 30. nóvember 1952.

Samkvæmt viðskiptasamningnum er heimiluð sala til Frakklands á ofan- nefndu tímabili á allt að 3 000 smálestum af nýjum og frosnum fiski, 600 smá- lestum af nýrri, saltaðri eða frystri síld, 850 smálestum af saltfiski, harðfiski eða reyktum fiski, 8 000 tunnum af söltuðum hrognum, 60 smálestum af frystum hrognum, 20 smálestum af nýjum eða frystum laxi og auk þess ýmsum öðrum vörum fyrir 20 milljónir franka.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 28. desember 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

123

28. des.

um viðskipta- og greiðslusamkomulag milli Íslands og Póllands.

Hinn 14. desember 1951 var undirrituð í Varsjá bókun um viðskipti milli Íslands og Póllands á árinu 1952 í samræmi við viðskiptasamning frá 18. nóvem- ber 1949 milli Íslands og Póllands. Sama dag var undirrituð bókun um nokkrar breytingar á greiðslusamningnum milli Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949, er gilda frá 1. janúar 1952 til 31. desember 1952.

Samkvæmt bókuninni um viðskipti á árinu 1952 eru heimilaðar sölur til Pól- lands á allt að 50 000 tunnum af saltsíld, 5 000 smálestum af fiskimjöli, 1 500 smálestum af frystri síld, 1 000 smálestum af frystum fiskflökum, 500 smálestum af meðalalýsi og 800 smálestum af gærum.